

**Sp. 817. Tillaga til þingsályktunar [467. mál]**

um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1987–1990.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

**I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN.**

(Fjárhæðir í m.kr.)

---

<b>1.1. Markaðar tekjur 1988:</b>	
1. Bensíngjald skv. fjárlögum 1988 .....	2000
2. Km-gjald .....	700
3. Þungaskattur, árgjald .....	200
Markaðar tekjur skv. fjárlögum 1988 .....	2900
4. Áætlað bensíngjald 1988 umfram fjárlög .....	90
Markaðar tekjur 1988 alls .....	2990
<b>1.2. Markaðar tekjur 1987 umfram útgjöld .....</b>	<b>160</b>
<b>Samtals</b>	<b>3150</b>

---

**II. SKIPTING ÚTGJALDA.**

(Fjárhæðir í m.kr.)

---

2.1. Stjórn og undirbúningur .....	177
2.2. Viðhald þjóðvega .....	1063
2.3. Til nýrra þjóðvega .....	1202
2.4. Til brúagerða .....	94
2.5. Til fjallvega o.fl. ....	26
2.6. Til sýsluvega .....	125
2.7. Til vegna í kaupstöðum og kauptúnum .....	164
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa .....	0
2.9. Til tilrauna .....	14
Óráðstafað .....	2865
Óráðstafað .....	285
<b>Samtals</b>	<b>3150</b>

---

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Núgildandi vegáætlun var samþykkt á Alþingi í mars 1987, og ætti því regluleg endurskoðun hennar samkvæmt vegalögum ekki að fara fram fyrr en á Alþingi 1988—89.

Tvennt veldur því að ekki verður komist hjá endurskoðun nú. Þróun verðlags hefur orðið með öðrum hætti, en reiknað var með við gerð vegáætlunar. Þá var einnig reiknað með mikilli fjáröflun umfram markaðar tekjur, án þess þó að sú fjáröflun væri skilgreind nánar. Við ríkjandi efnahagsaðstæður þykir ekki fært að afla þessa fjár. Markaðar tekjur hafa á hinn bóginn aukist umfram áætlun.

Verður nánar vikið að þessum atriðum hér á eftir.

## 0. VERÐLAGSFORSENDUR

Þegar vegáætlun var til afgreiðslu á Alþingi snemma árs 1987, var reiknað með að vísitala vegagerðar yrði 2100 á miðju því ári (hækkun frá 1986 áætluð um 19%). Síðan var reiknað með 6% hækkun til 1988 og vísitalan þá 2226.

Í reynd hækkaði vísitalan örar 1987 og var komin í 2226 um mitt ár (raunhækkun um 26% frá 1986) eða jafnhá og áætlað var fyrir 1988. Við endurskoðun nú er tekið mið af spá Þjóðhagsstofnunar um þróun byggingarvísitölu, en gert er ráð fyrir að hún hækki nálega 15% milli árána 1987 og 1988. Samkvæmt því yrði vísitala vegagerðar 1988 2560. Þessar tvær vísitölur hafa þróast með svipuðum hætti, þegar til lengri tíma er litið, en frávik hafa orðið þó nokkur um skemmri tímabil. Ýmis rök hníga að því að vísitala vegagerðar muni hækka öllu meira en byggingarvísitalan. Erfitt er á hinn bóginn að festa hendur á því á þessu stigi og er því reiknað með 15% hækkun verðlags milli árána 1987 og 1988.

## 1. FJÁRÖFLUN

Bensínsala hefur vaxið ört undanfarin ár, sbr. meðfylgjandi töflu.

	Sala m.lítra	Aukning frá f.ári.	Ath.
1984 .....	126.1	1.7	
1985 .....	129.6	2.8	
1986 .....	136.7	5.5	
1987 .....	153.8	12.5	
1988 .....	166	8	Áætlun

Nú liggja fyrir tölur um sölu bensíns fyrir fyrstu þrjú mánuði tekjuársins 1988, þ.e. nóvember 1987—janúar 1988. Er bensínsala þessa mánuði 8,6% meiri en sömu mánuði í fyrra. Er sala nú áætluð heldur meiri en gert var í fjárlögum. Hækka tekjur þannig um 90 m.kr.

Bensíngjald var frá 1. nóvember 1987 ákveðið 12.60 kr./lítra. Þungaskattur var hækkaður til samræmis við þetta bensíngjald um s.l. áramót. Við útreikning heildartekna af mörkuðum tekjustofnum er miðað við, að gjöld þessi haldist óbreytt á árinu.

Markaðar tekjur á árinu 1988 verða alls 2990 m.kr., en voru 2353 m.kr. í gildandi vegáætlun fyrir það ár.

Allt fram til ársins 1986 voru útgjöld til vegamála jafnmikil eða meiri, en nam tekjum af mörkuðum stofnum. Mikil breyting varð hér á 1987, en það ár urðu tekjurnar um 160 m.kr. meiri en heildarútgjöld til vegamála það ár. Samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar,

skal tekjum skv. lögnum einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun. Sú vinnuregla hefur gilt undanfarið, að útgjöld vegáætlunar á hverju ári markist af þeirri tölu, sem ákveðin er í upphafi árs. Var svo einnig 1987, en til að fullnægja ákvæðum áður nefndra laga verða umframtekjur að færast til næsta árs. Í samræmi við þetta eru umframtekjur 1987 hér taldar með fjáröflun 1988 og ættu því 3150 m.kr. að vera til ráðstöfunar 1988. Ekki er þó gerð tillaga um að ráðstafa öllu því fjármagni á þessu ári og verður nánar vikið að því í athugasemdum við útgjöld.

## 2. SKIPTING ÚTGJALDA

Af heildartekjum, 3150 m.kr., er lagt til að ráðstafað verði 2865 m.kr. til framkvæmda í vegamálum. Óráðstafað verður þá 285 m.kr., þ.e. 125 m.kr. af mörkuðum tekjum 1988 og 160 m.kr. af mörkuðum tekjum 1987. Í samræmi við löggin um fjáröflun til vegagerðar verður þetta fjármagn (þó leiðrétt með tilliti til endanlegra tekna 1988) til ráðstöfunar árið 1989.

Í meðfylgjandi töflum er sýndur samanburður helstu útgjaldaliða í gildandi vegáætlun, gildandi vegáætlun með 15% hækkun og tillögu þeirri sem hér liggur fyrir.

	Gildandi vegáætlun 1988 m.kr.	Gildandi vegáætlun m.15% hækk. m.kr.	Tillaga apríl 88 m.kr.
2.1. Stjórn og undirbúningur .....	148	170	177
2.2. Viðhald þjóðvega .....	933	1073	1063
2.3. Til nýrra þjóðvega .....	907	1043	1202
2.4. Til brúagerða .....	71	82	94
2.5. Til fjallvega o.fl. ....	17	20	26
2.6. Til sýsluvega .....	122	140	125
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum .....	143	164	164
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa .....	0	0	0
Til tilrauna .....	12	14	14
Óráðstafað .....	2353	2706	2865
	1463	1682	285
Samtals	3816	4388	3150

Í töflunni kemur fram að nokkrir liðir víkja frá uppreiknaðri vegáætlun. Verður hér gerð grein fyrir ástæðum þess.

Stjórn og undirbúningur hækkar lítið eitt, og stafar það af hlutfallslega miklum launakostnaði, en laun hækka sem kunnugt er mun meira en byggingarvísitala.

Viðhald lækkar lítils háttar. Þykir það fært vegna góðrar stöðu vetrarviðhalds um sl. áramót. Á hitt er að líta, að senn líður að endurskoðun snjósmokstursreglna og gæti sú endurskoðun leitt til nokkurs kostnaðarauka á haustmánuðum.

Nýir þjóðvegir og brýr fá mestan hluta þess fjár, sem er umfram verðhækkunar og verður sérstaklega vikið að því síðar.

Fjallvegir, þjóðgarðavegir og reiðvegir hækka. Hér er um litlar tölur að ræða, en hlutfallsleg hækkun umtalsverð. Þessir liðir hafa lengi verið óbreyttir, en vaxandi þörf fyrir aðgerðir með aukinni ferðamennsku. Með hækkun fjárveitinga er vonast til að bæta megi aðalfjallvegi, lagfæra vegi innan þjóðgarðs á Þingvöllum og auka gerð reiðvega, en það er mikið öryggisatriði.

Ríkisframlag til sýsluvega fer eftir ákvæðum vegalaga, og er tengt kaupgjaldi. Verðlagsgrundvöllur framlagsins 1988 er kaupgjald hinn 1. desember 1986. Sá grundvöllur lá fyrir við afgreiðslu vegáætlunar í mars 1987, og er fjárveiting til sýsluvega í tillögu því nánast hin sama og er í gildandi vegáætlun.

Í gildandi vegáætlun var tekjum umfram markaða stofna, 1463 m.kr., ekki skipt á framkvæmdaliði, heldur haldið óráðstöðuðum. Óráðstafað í tillögu eru 285 m.kr., svo sem fyrr var getið.

Sé það fjármagn, sem skipt er á framkvæmdaliði í tillögu, 2865 m.kr. borið saman við gildandi vegáætlun 1988 og fjárveitingar 1987 fæst eftirfarandi niðurstaða.

	Á breytilegu verðlagi m.kr.	Á verðlagi 1988 m.kr.
1987 .....	2150	2473
1988 gildandi vegáætlun .....	2353	2706
1988 tillaga apríl 1988 .....	2865	2865
Hlutfall, tillaga/gildandi vegáætlun 1988 .....		1.06
Hlutfall, tillaga/vegáætlun 1987 .....		1.16

Miðað við verðlagsforsendur tillögunnar eykst því ráðstöfunarfé 1988 um 16% frá 1987 og um 6% frá gildandi vegáætlun 1988.

Viðbótarfjármagn fer til nýrra þjóðvega og brúa eins og fyrr var nefnt. Ekki er gerð hér tillaga um skiptingu þessa viðbótarfjármagns á liði innan þessara verkefnaflokka. Slíkar tillögur verða lagðar fyrir fjárveitinganefnd. Við þá tillögugerð verður við það miðað að meginhluti fjárins fari til stofnbrauta, enda þörfin mest þar. Taka þarf tillit til tveggja stórra verkefna, þ.e. jarðganga í Ólafsfjarðarmúla og vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu.

Í nefnaráliti fjárveitinganefndar við afgreiðslu gildandi vegáætlunar lýsti nefndin þeim vilja sínum, að staðið yrði við fyrri áform um að hefja jarðgangagerð í Ólafsfjarðarmúla árið 1988, og séð yrði fyrir fjármögnun til að verkið héldi síðan viðstöðulaust áfram. Með afgreiðslu vegáætlunar í samræmi við tillögur fjárveitinganefndar lýsti Alþingi samþykki sínu við þessa stefnumörkun, og hún hefur síðan verið staðfest í ríkisstjórn.

Við tillögugerð nú þarf að tryggja fjármagn til eðlilegrar framvindu verksins á þessu ári (um 120 m.kr.), en fjármögnun þess í heild verður tekin upp við endurskoðun vegáætlunar á Alþingi næsta vetur.

Umferðarvandamál höfuðborgarsvæðisins hafa vaxið mjög ört undanfarið, og þar með þörf fyrir fjármagn. Á þetta bæði við um þjóðvegi og þjóðvegi í þéttbýli á svæðinu. Nýleg úttekt sýnir, að fjárfesting á næstu fimm árum þyrfti að vera um 1800—1900 m.kr., ef vænta á einhvers bata í umferð. Undanfarin ár hefur Reykjavík lagt mun meira til þjóðvega í þéttbýli innan sinna marka, en numið hefur framlagi ríkisins.

Sérstaða höfuðborgarsvæðisins hefur þegar verið viðurkennd að nokkru í gildandi vegáætlun. Við tillögugerð nú verður að taka tillit til hinna ört vaxandi umferðarvandamála og verja hluta af viðbótarfé til þessa verkefnis. Er þá haft í huga að hefja megi endurgreiðslur til Reykjavíkur, svo sem venja er til, þegar sveitarfélög hafa lagt úr sjóðum sínum til þjóðvega í þéttbýli. Hluti fjárins rynni þó til þjóðvega á svæðinu og hluti til þjóðvega í þéttbýli.